

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Sólbrekka, L213875, (áður Hnaus land 4), 2 lögbýlislóðir.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til Sólbrekku, L213875, (áður Hnaus land 4). Heildarstærð landsins er um 50,1 ha. Fyrirhugað er að stofna lögbýli á jörðinni þar sem starfrækja á gróður- og grænmetisræktun með tilheyrandi atvinnuhúsnæði. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. nóvember 2025.

Deiliskipulag, Laugardælur - hverfi, nýr aðkomuvegur.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til lands Laugardæla, L166253. Í deiliskipulaginu felst nýr aðkomuvegur að Laugardælum frá mislægum gatnamótum við nýja brú yfir Ölfusá að austanverðu. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. nóvember 2025.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. desember 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 19. desember 2025